

# „Grunnskólinn í Hveragerði, stækkun áfangi 3”.

## Verkfundargerð

**Númer verkfundar:** 40  
**Dags. verkfundar:** 18. febrúar 2025  
**Fundartími:** 13:00  
**Fundarstaður:** Aðstaða verktaka við grunnskólann, Hveragerði

### Helstu aðilar verks:

Verkkaupi: Hveragerðisbær kt. 650169-4849, Breiðumörk 20, 810  
Hveragerði

Verktaki: Stéttafélagið ehf. kt. 681206-0510, Breiðhelli 12, 221  
Hafnarfjörður

Arkitekt (aðalhönnuður): Maggi Jónsson [maggi@hi.is](mailto:maggi@hi.is) S: 892 8486  
Séruppdrættir arkitekts: Efla verkfræðistofa ehf., Herdís Guðrún Svansdóttir

### Eftirtaldir sátu fundinn:

Steinar Örn Arnarson, verkstjóri byggingarvinnu, Stéttafélagið ehf.  
Bjarni Sigurjón Þórðarson, Stéttafélagið ehf.  
Jón Friðrik Matthíasson, byggingarfulltrúi  
Guðmundur F. Baldursson, byggingarstjóri og eftirlitsmaður verkkaupa

### Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

#### 1. Uppdrættir og lýsingar.

Engir nýir uppdrættir hafa verið afhentir verktaka.

#### 2. Efni, sýnishorn og prófanir.

Eftirfarandi efnissamþykktir eða tæknilýsingar hafa verið lagðar fram:

- Tillaga að snjógildrum á salarþak.
- 50mm hljóðisogsplötur yfir Troldektplötum í salarþaki frá Steinull hf.

#### 3. Athafnasvæði og vinnuaðstaða.

Engin bókun gerð.

#### 4. Mannskapur og tæki.

Staðarstjóri, byggingarvinnuverkstjóri, 4 smiðir, 3 rafvirkjar, 2 málarar og 1 verkamaður og 1 blikksmiður.

#### 5. Öryggis- og heilbrigðismál.

Engin bókun gerð.

#### 6. Verkstaða.

Utanhússfrágangi er lokið. Vinna við raflagnir í lofti salar er langt komin og búið er að setja upp rakavarnarlag og trégrind fyrir loftaplötur í salarlofti og á vegg yfir gluggum í sal. Búið er

að spartla og mála veggj og loft í kennslustofum og að hlutatil í sal. Búið er að mestu leyti að mála límtrébita og stálfestingar í sal. Frágangi loftræsilagna er að mestu lokið. Unnið er við lokafrágang á raflögnum. Búið er að pokapússa kjallaraþort og loftinntaksturn.

Verktaki hefur afhent verkskýrslur til og með 4. viku 2025 og fyrir 7. viku 2025.

#### **7. Framvinda verksins næstu fjórar vikurnar.**

Búið verður að mestu leyti að klæða loft í sal og vegg ofan við glugga í sal. Búið verður að ganga frá handlistum á svalahandrið og í stiga í sal. Frágangi loftræsi- og neysluvatnslagna og vinnu við málun veggja og lofta verður að mestu lokið. Vinna við raflagnir verður langt komin að uppsetningu lampa frátalinni. Byrjað verður á frágangi sprinklerlagna í sal.

#### **8. Aukaverk.**

- Vinna vegna snjógildirur á salarþaki.
- Efni og uppsetning á trélistum meðfram límtrébitum.
- Skipt um loftsíur í eldhúsvegg.
- Vinna við lagfæringu á stálborði við uppþvottalínu.
- Kjallaraþort og loftinntaksturn pokapússaður.

#### **9. Athugasemdir verktaka.**

Engar athugasemdir.

#### **10. Athugasemdir verkkaupa.**

Engar athugasemdir.

#### **11. Verkreikningar.**

Verktaki hefur lagt fram verkframvinduýfirlit nr. 19 fyrir desember 2024 samtals að upphæð kr. 16.217.669,- og nr. 20 fyrir janúar 2025, samtals að upphæð kr. 9.974.827,-. Í báðum upphæðunum eru innifalin verð fyrir aukaverk auk verðbóta. Samningsverð er kr. 820.684.120,-. Innlagðir reikningar eru samtals að upphæð kr. 924.123.484,- eða um 113% af samningsupphæð.

#### **12. Næsti verkfundur.**

Næsti verkfundur verður haldinn í aðstöðu verktaka við grunnskólann þriðjudaginn 18. mars nk. kl. 13:00.

Fundi slitið kl. 13.25.